



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Norðurþing
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir,
aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Akureyri, 15. mars 2022
MÍ202202-0176/ 6.09 / S.G.

Umsögn Minjastofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna fiskeldis við Haukamýri

Með tölvupósti sendum 25. febrúar 2022 óskaði aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna fiskeldis við Haukamýri, meðfylgjandi var lýsing á skipulagsverkefningu og matslýsing dagsett 10. febrúar 2022. Fiskeldið Haukamýri er staðsett sunnan við Húsavík og stendur í halla neðst í Haukamýrardal. Fiskeldið Haukamýri hefur um 19.300 m² lóð þar sem húsakostur og eldiskör fyrirtækisins eru staðsett. Utan þessa svæðis eru vatnslagnir ásamt brunnum, stíflum fyrir kalt vatn og einnig eru lagnir fyrir heitt vatn. Svæðið er staðsett á iðnaðarsvæði sem þegar er að mestu raskað. Núverandi aðkoma akandi að svæðinu er um Kaldbaksveg sem tengist inn á Norðausturveg sunnan Húsavíkur. Stærð skipulagssvæðisins er um 3,8 ha.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi. Jafnframt segir í 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skuli lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga með gerð húsakönnunar. Minjastofnun Íslands hefur að auki gefið út reglur nr. 620/2019 um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda.

Engin hús á svæðinu falla undir lög um menningarminjar en til þess að minjavarðslan geti tekið afstöðu til svæðisins er farið fram á að hús og mannvirki séu listuð upp, þar sem fram kemur byggingarár (samkv. Fasteignamati / Þjóðskrá), tegund húsnæðis (notkun), og hönnuður (ef vitað er).

Eins og segir í kafla 2.1. voru skráðar fornleifar á svæðinu vegna aðalskipulags sjá: Elín Ósk Hreiðarsdóttir (2002) *Fornleifaskráning á Húsavík*. Fornleifastofnun Íslands, FS166-01171. Ekki eru skráðar fornleifar innan svæðisins. Fornleifaskráningin uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar vegna skráningar og mun minjavörður taka svæðið út áður en deiliskipulag verður unnið til að kanna hvort minjar eru þar.

Að öðru leiti gerir Minjastofnunar ekki athugasemdir við skipulags- og matslýsinguna eins og hún var kynnt stofnuninni.

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:
Skipulagsstofnun